# Skráning samsettra gagna – format MX

## 1. Val á formati
Ekki á að nota MX nema útilokað sé að velja annað format. Miðað er við að gögn sem fá FMT = MX séu samsett úr þremur eða fleiri ytri formum. Undantekning frá þessu eru spil og leikföng en þau fá alltaf formatið MX.

Dæmi um FMT = MX:
- Spil, töfl
- Leikföng
- Tungumálanámskeið (þrjú eða fleiri ytri form)
- Gagnasett

## 2. Aðalheimild lýsingar
Aðalheimild skal vera gagnið sjálft. Ef það er samsett úr mörgum einingum og ekki hægt að sjá út frá gagninu sjálfu hver titillinn er, á skrásetjari að velja titil á sameiginlegum umbúðum. Annarra titla er þá getið í sviði 500 og gerðar á þá aukafærslur í sviði 740.

Við skráningu gagna sem ekki bera titil á skrásetjari að semja stuttan lýsandi titil og setja innan hornklofa.

## 3. Safnfærslur
Gerðar hafa verið safnfærslur fyrir efni sem erfitt er að skrá nákvæmt. Öllum er heimilt að tengja eintök við þessar færslur án þess að hrófla við bókfræðifærslunni.

*865025 Spilastokkar*
*845436 Töfl*
*999017 Brúður*
*999018 Bangsar*
*999019 Bílar*
*999020 Kubbar*
*999021 Ýmis leikföng*

## 4. Kóðasvið fyrir MX færslur

**FMT=MX**

**LEADER**
Sæti 05 = n (new)
Sæti 06 = p (mixed material)
Sæti 07 = m (monograph / item)

**007 – Ytra form efnis**
Tegund formats á að vera *unspecified* ef verið er að skrá leikföng, en *kit* ef verið er að skrá annað efni (spil, tungumálanámskeið, gagnasett).
Sæti 00 = o (kit) eða z (unspecified)
Sæti 01 = u

**008 – Kóðasvið**
Eftirtaldar upplýsingar eru greindar:
Tegund ártals – sæti 06 **s** ef ártal er á gagninu, **n** ef ekkert ártal er á gagninu
Útgáfuár – sæti 7-10
Útgáfuland – sæti 15-17 **xx** ef útgáfuland er óþekkt
Tungumál – sæti 35-37 **und** ef tungumál er ekki greint, **|||** ef tungumál er ekki notað

# Spil

Spil, spilastokkar og töfl fá formgreininguna spil. Skrá skal á höfund ef hann er tilgreindur, annars á titil. Ekki á að velja höfund spurninga eða myndskreytara sem höfuð færslu.

*Dæmi:*

*303028 Íslenska fuglaspilið*
*806645 Íslensku bókstafirnir*
*692216 Segðu sögu*

**245 – Titill og ábyrgðaraðild**
Ef ekki er titill á spilinu á skrásetjari að semja stuttan lýsandi titil og setja innan hornklofa. Í deilisvið $h er notuð formgreiningin [spil].

*245 10 $$aÍslenska fuglaspilið$$h[spil] /$$chöfundur spils Óskar J. Sandholt ; ljósmyndir Jóhann Óli Hilmarsson.*

**260 – Prentsögn**
Ef upplýsingar í þetta svið eru ekki til staðar eru skammstafanirnar [S.l. : s.n., s.a.] notaðar.

**300 – Umfang**
Umfang/innihald er talið upp í deilisviði $a. Deilisvið $f er notað til að lýsa umbúðum. Deilisvið $e er ekki notað með formati MX.

*300 ## $$a4 spjöld (21x21 sm), 72 smámyndir (6x6 sm), 1 geisladiskur (51.45 mín.), bæklingur (5 s. ; 21 sm)$$fí kassa (21x35x4 sm)*

**500 – Athugasemdir**
Hér má setja athugasemdir svo sem:

*500 ## $$aLeiðbeiningar á íslensku fylgja*
*500 ## $$aEngar leiðbeiningar fylgja spilinu*
*500 ## $$aFyrir 2-6 leikmenn*

**521 0# – Notendahópur**
Hér má gera grein fyrir aldurshópi sem spilið er ætlað.

*521 0# $$aÆtlað 6-9 ára*
*521 0# $$aÆtlað yngri en 5 ára*
*521 0# $$aÆtlað 6 ára og eldri*

**710 – Aukafærsla á framleiðanda**
Æskilegt er að gera aukafærslur á framleiðendur spila.
*710 2# $$aRavensburger*

**740 – Aukafærsla á titil**
Gera á aukafærslur á aðrar birtingarmyndir titils og nota formgreininguna $h [spil].
*Safnfærslur fyrir spil:*
*865025 Spilastokkar*
*845436 Töfl*

# Leikföng

Brúður, bangsar, bílar, kubbar og púsluspil fá formgreininguna leikfang. Slíka hluti skal alltaf skrá á titil.

*Dæmi:*
*997232 Taubrúða*
*1007536 Potbox*
*1007544 Geometric sorting board*

**245 – Titill og ábyrgðaraðild**
Ef ekki er titill á leikfanginu á skrásetjari að semja stuttan lýsandi titil og setja innan hornklofa. Í deilisviði $h er notuð formgreiningin [leikfang].
*245 00 $$aGeometric sorting board$$h[leikfang]*

**260 – Prentsögn**
Ef upplýsingar í þetta svið eru ekki til staðar eru skammstafanirnar [S.l. : s.n., s.a.] notaðar.

**300 – Umfang**
$a – tegund leikfangs
$c – stærð leikfangs
$f – umbúðir og umfang þeirra
Gera má nánari grein fyrir útliti leikfangs í sviði 500 ef þörf krefur.
*300 ## $$a9 plastkubbar$$fí plastboxi, 19 sm.*

**500 – Athugasemdir**
Hér má setja nánari lýsingu á leikfangi og notagildi þess.
*500 ## $$aTaubrúða í fötum ætluð til að þjálfa börn í að renna upp, reima, hneppa og festa belti*

**521 0# – Notendahópur**
Hér má gera grein fyrir þeim aldurshópi sem leikfangið er ætlað.
*521 0# $$aÆtlað 6-9 ára*
*521 0# $$aÆtlað yngri en 5 ára*
*521 0# $$aÆtlað 2 ára og eldri*

**740 – Aukafærsla á titil**
Gera á aukafærslur á aðrar birtingarmyndir titils og nota formgreininguna $h [leikfang].

*Safnfærslur fyrir leikföng:*

*999017 Brúður*
*999018 Bangsar*
*999019 Bílar*
*999020 Kubbar*
*999021 Ýmis leikföng*

# Tungumálanámskeið

Formatið MX er eingöngu notað fyrir tungumálanámskeið ef þau samanstanda af þremur eða fleiri efnisformum (t.d. bók, geisladiskur og mynddiskur).
Sjá nánar um skráningu á tungumálanámskeiðum í skjalinu Tungumálanámskeið á vef Landskerfis bókasafna www.landskerfi.is.

*Dæmi:*

*719282 Video passport Spanish*

**008 – Sæti 35-37**
Veljið kóða fyrir tungumálið sem verið er að kenna.

**041 0# – Tungumál**
Eingöngu notað ef greina þarf fleiri en eitt tungumál. Tungumálið sem verið er að kenna fer í deilisvið $a. Deilisvið $a er endurtekið fyrir tungumálið / tungumálin sem kennslan fer fram á.

**245 – Titill og ábyrgðaraðild**
Gagnið er samsett úr mörgum einingum. Ef ekki er ljóst hver titillinn er á að velja titil á sameiginlegum umbúðum. Í deilisviði $h er notuð formgreiningin [tungumálanámskeið].

*245 00 $$aEntrée libre$$h[tungumálanámskeið] :$$bfrönskukennsla fyrir byrjendur.*

**260 – Prentsögn**
Notið ekki hornklofa ef upplýsingarnar standa á gagninu (hulstri eða diski). Ef upplýsingar í þetta svið eru ekki til staðar eru skammstafanirnar [S.l. : s.n., s.a.] notaðar.

**300 – Umfang**
Upptalning á bókum, diskum, myndböndum, snældum o.fl. fer í deilisvið $a. Deilisvið $f er notað til að lýsa umbúðum. Deilisvið $e er ekki notað með formati MX.

*300 ## $$a1 myndband, snælda og bók.*

**505 0# – Innihald**
Hér má gera nánari grein fyrir innihaldi.

*505 0# $$aBók: Grammar -- Geisladiskur: Pronunciation -- Tölvudiskur: Examinations*

**521 0# – Notendur**
Notið eftirtalin orð eftir því sem við á:
*521 0# $$aByrjendanámskeið*
*521 0# $$aMillistig*
*521 0# $$aFramhaldsnámskeið*

**546 – Athugasemd um tungumál**
*546 ## $$aKennsluefni í spænsku með enskum leiðbeiningum*
*546 ## $$aBæklingur á ensku*

**650 #4 – Efnisorð**
Notið efnisorðið *Tungumálanámskeið* og heiti tungumálsins sem verið er að kenna.
*650 #4 $$aTungumálanámskeið*
*650 #4 $$aEnska*

**740 – Aukafærsla á titil**
Gera á aukafærslur á aðrar birtingarmyndir titils og nota formgreininguna $h [tungumálanámskeið].

# Gagnasett

Gögn sem samsett eru úr þremur eða fleiri efnisformum en falla ekki undir skilgreiningu á spili fá formgreininguna gagnasett.

*Dæmi*
*367689 Sorpið okkar*
*886413 Fish*

**245 – Titill og ábyrgðaraðild**
Ef ekki er titill á gagnasettinu á skrásetjari að semja stuttan lýsandi titil og setja innan hornklofa. Í deilisviði $h er notuð formgreiningin [gagnasett].
*245 00 $$aSorpið okkar$$h[gagnasett] /$$cStefanía Björnsdóttir ... [et al.].*

**260 – Prentsögn**
Ef upplýsingar í þetta svið eru ekki til staðar eru skammstafanirnar [S.l. : s.n., s.a.] notaðar.

**300 – Umfang**
Umfang/innihald er talið upp í deilisviði $a. Deilisvið $f er notað til að lýsa umbúðum. Deilisvið $e er ekki notað með formati MX.
*300 ## $$a1 myndband (14.47 mín.), 1 PC forrit, 1 verkefnabók (48 s. : töflur ; 30 sm), 1 kennsluleiðbeiningar (48 s. : töflur ; 30 sm) $$fí kassa (31x33x3 sm)*

**500 – Athugasemdir**
Hér má setja athugasemdir svo sem:
*500 ## $$aLeiðbeiningar á íslensku fylgja*
*500 ## $$aEngar leiðbeiningar fylgja*

**505 0# – Innihald**
Hér má setja nánari lýsingu á innihaldi.

*505 0# $$aFjögur í rusli [myndband] / handrit Þorgrímur Þráinsson ; leikstjórn Sigurbjörn Aðalsteinsson -- Forrit / höfundar Birgir Edwald, Ragnheiður Benediktsson og Sigurborg Matthíasdóttir ; teikningar Böðvar Leós -- Verkefnabók / höfundur Stefanía Björnsdóttir -- Kennsluleiðbeiningar / höfundur Stefanía Björnsdóttir*

**521 0# – Notendur**
Hér má gera grein fyrir þeim aldurshópi sem gagnasettið er ætlað.

*521 0# $$aÆtlað 6-9 ára*
*521 0# $$aÆtlað yngri en 5 ára*

**740 – Aukafærsla á titil**
Gera á aukafærslur á aðrar birtingarmyndir titils og nota formgreininguna $h [gagnasett].